

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. febrúar 1920 og frá sama tíma er feld úr gildi 7
reglugjörð fyrir póstmenn 22. maí 1908. 24. jan.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 24. janúar 1920.

Sigurður Jónsson.

Ole P. Blöndal.

Samþykkt

8
11. febr.

um stjórn bæjarmálefna í Akureyrarkaupstað.

I. Um stjórn og framkvæmdir á bæjarmálefnum.

1. gr.

Bæjarstjórn kaupstaðarins er skipuð 11 kjörnum fulltrúum. Bæjarstjóri á sæti í bæjarstjórn, þótt hann sje eigi kjörinn bæjarfulltrúi.

2. gr.

Sjerstökum málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af föstum nefndum, sem bæjarstjórnin kýs. Þessar nefndir eru:

1. Fjárhagsnefnd
2. Hafnarnefnd.
3. Jarðeignarnefnd
4. Byggingarnefnd
5. Fátækrarnefnd
6. Vegarnefnd
7. Vatnsveitunefnd
8. Húseignarnefnd
9. Brunamálarnefnd
10. Rafmagnsnefnd
11. Ellistryktarsjóðsnefnd
12. Sundnefnd
13. Stjórnarnefnd »Caroline Rest«
14. Skólanefnd.

Ennfremur kýs bæjarstjórnin 2 menn í skattarnefnd og einn til vara, 1 mann í heilbrigðisnefnd, 1 mann í sóttvarnarnefnd og einn mann til að semja verðlagsskrá, 1 mann í fulltrúaráð »Verksmiðjufelags Akureyrar«, og 1 mann til að endurskoða reikninga þess. 1 mann í stjórn sjúkrahússins »Gudmanns Minde« og 1 mann til að endurskoða reikninga þess.

8 11. febr. Peir, sem kosnir eru í nefndirnar, fara frá annaðhvort ár, þegar reglulegar bæjarstjórnarkosningar eru um garð gengnar, en þó má endurkjósa þá. Kosning skólanefndarmanna gildir um 3 ár.

Fai einhver hinna kosnu nefndarmanna þau forföll, að hann geti eigi gegnt starfi sínu, kýs bæjarstjórnin annan í hans stað, ef henni þykir þess þurfa, og gegnir sá starfi hins uns kjörtíminn er á enda.

Bæjarstjórnin getur tekið sjerhvert mál til meðferðar og úrskurðar, þótt falið sje fastri nefnd, og er það mál þá gengið úr höndum þeirrar nefndar. Svo getur bæjarstjórnin og skipað sjerstakar nefndir fyrir einstök mál, þegar svo þykir henta, eða falið einum úr sínum flokki framkvæmd þeirra.

Allar ályktanir nefnda skulu lagðar fyrir bæjarstjórnina til úrskurðar.

3. gr.

Í fjárhagsnefndinni er bæjarstjóri formaður, en auk hans eiga í henni sæti 2 af bæjarfulltrúunum. Nefnd þessi veitir forstöðu fjárhag bæjarins, býr undir áætlun, semur árlega skýrslur um eignir og skuldir bæjarins, sjer um stjórn gjaldkera á bæjarsjóði, að hann heðgi sjer eftir erindisbrjefi sínu riti rjett og reglulega bækur sínar, byrji skattakröfur allar og ljúki þeim á rjettum tíma, svo sem fyrir er skipað. Hún hefir og eftirlit með því að tekjurnar sjeu goldnar á rjettum tíma og gengið sje eftir ógoldnum gjöldum og að það fje sje sett á vöxtu, er umfram kann að verða gjöldunum. Nefndin hlutast til um að samin sje skrá yfir gjöld þau, er greiða skal af föstu lögboðnum tekjustofnum, t. d. lóðargjöldum, og skal skrá þessi vera bæjarbúum til sýnis ásamt niðurjöfnunarskránni.

Nefndin skipar fyrir um, hversu reikningsbækur gjaldkera eða annara, er hafa kunna umráð yfir fje bæjarins, skuli vera lagaðar, leiðbeinir þeim er hlut eiga að máli í því efni, og gætir þess, að reglum þeim sje hlýtt, sem um það efni eru settar. Svo ber og nefndinni að hafa eftirlit með öllum fjárbirgðum hjá gjaldkera og hverjum öðrum, er hafa kann fje bæjarins undir höndum.

Alla reikninga til bæjarsjóðs skal senda bæjarstjóra. Rannsakar hann þá, sjer um, að þeir sjeu nægilega vottaðir, að rjettir sjeu, hafi áætlunarheimild eða gilt ákvæði bæjarstjórnar við að styðjast og ávísar þá síðan til greiðslu.

Í ávísunarbók skal rita alt það, sem ávísað er, og skulu í bók þessari vera greindir allir aðaldálkar og liðir áætlunarinnar, hver sjer. Á ávísanirnar skal ávalt rita, til hvers dálks og liðar gjaldið skuli telja.

Gjaldkeri má ekki greiða neitt fje úr bæjarsjóði nema löglega ávísað sje.

4. gr.

Bæjarsjóri er formaður hafnarnefndar og auk hans eiga sæti í nefndinni 4 menn er bæjarstjórnin kýs, 3 bæjarfulltrúar og 2 utan bæjarstjórnar. Nefndin hefir á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni samkv. lögum og hafnarreglugjörð kaupstaðarins.

5. gr.

Jarðeignanefnd er skipuð bæjarstjóra, sem er formaður hennar, og 2—4 mönnum öðrum, af þeim sjeu minst 2 bæjarfulltrúar. Nefndin hefir á hendi umsjón með jarðeignum bæjarins, túnnum, erfðafestulöndum, sløjum, afrjettarlöndum, hagagöngu, mótaki, grjótnámi, o. s. frv., að svo miklu leyti sem umsjónin er ekki öðrum sjerstaklega á hendur falin.

Nefndin skal fyrir miðjan nóvembermánuð ár hvert semja skýrslu yfir tekjur af öll-

um jarðeignum bæjarins, nægilega sundurliðaða til þess að bæjargjaldkeri geti innheimt tekjurnar eftir henni.

8

11. febr.

6. gr.

Bæjarstjóri er formaður byggingarnefndar. Auk hans eigi sæti í nefndinni slökkviliðsstjóri og 3 menn, er bæjarstjórnin kýs, 2 þeirra úr sínum flokki.

Nefnd þessi annast byggingarmálefni kaupstaðarins samkvæmt því sem fyrir er mælt í byggingarlögum og byggingarsamþykkt bæjarins.

7. gr.

Bæjarstjóri er formaður fátækranefnarinnar, en auk hans eigi sæti í henni 4 bæjarfulltrúar.

Nefnd þessi hefir á hendi alla stjórn fátækramála. Hún sjer fyrir öllum sveitarómögum, annast greftrun þeirra og lögflutning, allar brjefaskriftir um fátækramálefni og viðskifti við önnur sveitafjölög. Nefndin ráðtafar fje því, sem veitt er til ómaga og þurfamanna. Hún semur um meðgjafir með ómögum og önnur útgjöld til fátækra.

Bænum skal skift í 4 fátækrahverfi og skal hver bæjarfulltrúi í nefndinni hafa sitt hverfi til umsjónar. Skulu nefnarmenn, hver í sínu hverfi, hafa nákvæmar gætur á sveitarómögum og þurfamönnum, högum þeirra, heimilisástæðum og háttalagi og stuðla að því að þurfamenn noti efni sín með sparnaði og forsjá, leiti sjer atvinnu eftir megni og kosti kapps um að bjarga sjer og sínum, sem mest af rammleik sjálfs síns. Styrkbeiðni þurfamanns verður að jafnaði eigi til greina tekin, nema fátækranefnarmaður fyrir hans hverfi styðji hana, og má ávísá honum styrknum til ráðstöfunar fyrir þurfamanninn, ef ástæða þykir til. Nefndarmenn skulu gera sjer far um að afla sjer skýrslna um aðkomna þurfamenn, er orðið hafa öðrum sveitum til þynglsá, eða hætt er við, að eigi geti haft ofan af fyrir sjer í kaupstaðnum.

8. gr.

Bæjarstjórnin kýs 2 menn úr sínum flokki í veganeftnd auk bæjarstjóra, sem er formaður nefndarinnar. Veganeftndin hefir á hendi alla umsjón og framkvæmdir á vegagerðum, endurbótum og hirðingu á vegum, holræsum, rennum og götulyfsingu, alt eftir ákvæðum bæjarstjórariinnar.

9. gr.

Vatnsveituneftndin er skipuð bæjarstjóra, sem er formaður og tveim bæjarfulltrúum. Hún hefir umsjón með vatnsbólum og vatnsveitu bæjarins.

10. gr.

Húseignaneftnd er skipuð bæjarstjóra, sem er formaður hennar og 2 bæjarfulltrúum. Hún hefir á hendi umsjón með öllum húseignum bæjarins sem ekki heyra undir sjerstakar nefndir, annast viðhald þeirra, gerir leigusamninga og lætur bæjargjaldkera í tje skýrslur yfir leigur þær, er honum ber að innheimta.

11. gr.

Brunamálaneftnd er skipuð 5 mönnum: bæjarstjóra, sem er formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjóranum og 3 bæjarfulltrúum, sem bæjarstjórnin til þess kýs. Hún skal fylgja

8 reglum þeim, sem settar eru í lögum og reglugerðum um brunamál og slökkvilið kaupstað-
11. febr. arins, og fullnægja öllum þeim skyldum sem henni eru þar á herðar lagðar.

12. gr.

Rafmagnsnefnd er skipuð bæjarsjóra, sem er formaður hennar og 2—4 bæjarfulltrúum. Hún hefir á hendi allan undirbúning undir bygging rafstöðvar fyrir bæinn og umsjón með rafstöðinni, þegar hún er komin á stofn.

13. gr.

Ellistyrktarsjóðsnefnd er skipuð tveim bæjarfulltrúum, auk bæjarstjóra sem er formaður hennar. Hún semur árlega ská yfir gjaldskylda menn til ellistyrktarsjóðs, gerir tillögur um úthlutun styrks úr sjóðnum, og starfar að öðru leyti samkvæmt reglum þeim, er lög og reglugerðir mæla fyrir.

14. gr.

Í sundnefnd eru 2 bæjarfulltrúar, auk bæjarstjóra, sem er formaður hennar. Hún hefir umsjón með sundstæði bæjarins og sundkenslu.

15. gr.

Skólanefndin hefir umsjón og eftirlit með öllum barnafræðslumálum kaupstaðarins sjerstaklega með kenslunni í barnaskóla kaupstaðarins, og öllu því sem barnaskólan varðar, alt samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum um fræðslu barna og reglugerðum þeim, er kenslumálastjórnin setur.

16. gr.

Samkvæmt lögum um tekjuskatt eiga sæti í skattanefndinni, bæjarstjóri sem er formaður nefnarinnar, og 2 menn, sem bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki.

17. gr.

Heilbrigðisnefnd skal sjá um, að heilbrigðissamþykkt bæjarins sje fylgt. Bæjarfógeti er formaður hennar og í henni eiga þess utan sæti hjeraðslæknir og einn bæjarfulltrúi.

18. gr.

Sóttvarnarnefnd er skipuð bæjarfógeta, sem er formaður hennar, hjeraðslækni og einum bæjarfulltrúa. Hún annast sóttvarnir samkvæmt ákvæðum það að lútandi laga og reglugjörða.

19. gr.

Stjórnarnefnd »Caroline Rest« er skipuð 3 mönnum er bæjarstjórnin kýs og hefir nefndin umsjón og eftirlit með stofnuninni samkvæmt gjafabréfi George H. F. Schraders dags. 23. mars. 1915. Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar er yfirstjórn »Caroline Rest«.

20. gr.

Um stjórn »Verksmiðjufjelags Akureyrar« fer eftir þar um settum lögum og reglum. Kýs

bæjarstjórnin 1 mann úr flokki sínum í fulltrúaráð nefnds fjelags og 1 mann til að endurskoða reikninga þess.

8

11. febr.

21. gr.

Stjórn sjúkráðsins »Gudmanns Minde« skipa 3 menn. Kýs bæjarstjórnin einn mann úr sínum flokki til 3ja ára í senn.

Sjúkráðsið er eign Akureyrarkaupstaðar og umliggjandi hjeraða samkvæmt gjafa-brjefi F. Gudmanns dags. 13. nóv. 1873. Un stjórn þess fer nánar eftir þar um settum reglum.

Yfirstjórn sjúkráðsins er bæjarstjórn Akureyrar og sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu.

22. gr.

Áður en frumvarp til fjárhagsáætlunar er samið skulu allar fastar nefndir senda fjárhagsnefnd tillögur um, hve miklu fje skuli varið næsta ár til mála þeirra, er heyra undir hverja nefnd fyrir sig, og hvernig því skuli varið. Einnig áætlun um tekjur af gjaldstofnum þeim, er nefndirnar hafa í umsjá sinni.

23. gr.

Bæjarstjóri annast framkvæmdir á málefnum þeim og ráðstöfunum bæjarstjórnarinnar, sem eru eigi falin öðrum á hendur. Honum ber að annast allar brjefaskriftin bæjarstjórnarinnar og nefnda þeirra, sem hann er formaður í.

II. Um starfa niðurfjöfnunarnefndar og innheimtu bæjargjalda.

24. gr.

Niðurfjöfnunarnefndin er skipuð 7 mönnum. Kjósa þeir sjálfir formann sinn.

25. gr.

Nefndin semur skrá yfir alla þá, er greiða eiga bæjargjöld eftir efnum og ástæðum á árinu og tilgreinir heimili þeirra, Þess skal getið í sjerstökum dálki, ef gjaldandi hefir jafnframt fasta dvöl annarstaðar.

26. gr.

Miðurfjöfnun bæjargjalda skal lokið eigi síðar en innan loka nóvembermánaðar ár hvert. Við niðurfjöfnun bæjargjalda ber nefndinni sjerstaklega að gæta þess, hverjar tekjur hver greiðandi hefir til að framfæra sjer og sína, og aðra er hann vinnur fyrir, til munaðar eða gróða, eftir öllum efnahag hans og atvinnu. Hún skal og taka til greina, hversu tekjurnar eru á sig komnar og allar heimilisástæður og ómagapunga af vandamönnunum. Heimilt er niðurfjöfnunarnefnd að krefjast þess, að borgarar bæjarins sendi henni á þar til gerðum eyðublöðum, skýrslu yfir árstekjur sínar og aðrar upplýsingar um efni þeirra og ástæður. Nefndinni og bæjarstjórninni er skylt að halda þessum upplýsingum leyndum.

Til þess að hin áætlaða upphæð gjaldanna eftir efnum og ástæðum náist full, og rýrist ekki við lækkun bæjargjalda, burtför gjaldanda úr bænum eða árangurslaust fiárnám o. s. frv. ber nefndinni ávalt að jafna niður 5—10 af hundraði meira en til er tekið í áætluninni.

8

Niðurjöfnunarskráin skal liggja öllum til sýnis um hálfan mánuð fyrir árslok á skrif-
11. febr. stofu bæjarstjórans, eftir að búið er að birta það opinberlega.

Kæurur gegn hinni framlögðu niðurjöfnun skulu sendar niðurjöfnunarnefndinni skrif-
lega innan hálf mánaðar frá því, að niðurjöfnunarskráin hefir verið til sýnis. Innan hálf
mánaðar þar á eftir skal nefnd þessi skriflega tilkynna kærandanum, hvort eða að hve miklu
leyti krafa hans hefir verið tekin til greina. Ályktun þá, sem niðurjöfnunarnefndin hefir gert
má svo innan hálfsmánaðar þar á eftir bera upp fyrir bæjarstjórninni, sem leggur úrskurð
sinu á málið innan hálf mánaðar. Kæurur, sem koma fram eftir hinn ákveðna tíma, verða
eigi til greina teknar.

Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að einhverjum sje slept, skal
þeim manni gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni, áður en úr þessu er skorið af nið-
urjöfnunarnefndinni eða bæjarstjórninni.

27. gr.

Reglur þær, sem settar eru um aðalniðurjöfnunina, gilda og um aukaniðurjöfnun, en
hún á fram að fara í septembermánuði og endranær ef bæjarstjórnin fyrirskipar.

28. gr.

Öll bæjargjöld, hvort heldur er af lögboðnum tekjustofnum eða eftir efnum og ástæð-
um, falla í gjalddaga ár hvert 1. dag aprílmánaðar og 1. dag októbermánaðar, að helmingi í
hvort skifti, og ber gjaldkera þá að innheimta þau. Sjeu þau eigi greidd innan mánaðar frá
gjaldddaga, bðr að taka þau lögtaki

29. gr.

Ársreikningar bæjarsjóðs og hafnarsjóðs skulu samdir innan janúarloka og því næst
liggja til sýnis bæjarmönnum 14 daga. Þá skulu reikningarnir sendir hinum kosnu endur-
skoðunarmönnum, og skulu þeir hafa lokið endurskoðuninni innan mánaðar. Athugasemdum
endurskoðunarmanna skal gjaldkeri svo hafa svarað innan hálf mánaðar. Því næst semur
fjárhagsnefndin ásamt endurskoðunarmönnum tillögur til úrskurðar um reikninginn, og skal
því starfi lokið innan loka aprílmánaðar. Að svo búnu leggur bæjarstjórnin úrskurð á reikn-
inginn til lögboðinnar afgreiðslu.

III. Um starfsmenn kaupstaðarins.

30. gr.

Starfsmönnum bæjarins ber í einu sem öllu að fara eftir erindisbrjefum þeirra.
Starfsmönnum öllum skal launað eftir ákvæðum bæjarstjórnar.

31. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þannig samþykkt á bæjarstjórnarfundi 13. jan. 1920 staðfestir;

Bæjarstjórnin á Akureyri 15. jan. 1920

Jón Sveinsson.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefir samið og samþykkt er hjer-
með staðfest.

8
11. febr.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 11. febr. 1920.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Endurskoðuð reglugjörð

9
21. febr.

fyrir vatnsveitu Akureyrarkaupstaðar.

1. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna snerta, felur bæjarstjórnin 3ja manna nefnd úr sínum flokki.

2. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru til húsaskatts og vatni er veitt í, eða standa svo nærri vatnsæðum, að þær sjeu nothæfar til eldvarnar, skal greiða vatnsskatt, enda eiga húseigendur rjett á að fa vatnsæð lagða að húsvegg, ef íbúð er í húsinu. Skatturinn skal lagður á eftir brunabótavirðingu húsanna og greiðist með 3,5 p. m. af fyrstu 20000 kr. virðingarverðsins, en með 2 p. m, af því, sem fram yfir er. Þegar svo er ástatt að einn er eigandi að fleiri húsum er standa í hvirfingu á sömu lóð, og notuð eru til sama atvinnureksturs — enda sje eigi búð nema í einu þeirra — þá reiknast 2 p. m. af því, sem fram yfir er 20000 kr. af samanlögðu virðingarverði húsanna.

Auk þess greiða húseigendur 1 kr. árlega fyrir hvern mann, sem býr í húsum þeirra þegar manntal er tekið næst áður en niðurfjöfnun skattsins fer fram.

Nú hrökkva ekki tekjur vatnsveitunnar fyrir gjöldum og getur þá bæjarstjórnin ákveðið fyrir eitt ár í senn að hækka vatnsskatt þennan um alt að 20%.

3. gr.

Fyrir öll vatnsafnot, sem fram yfir er venjulegar heimilisþarfir skal gjaldið ákveðið með samningi við bæjarstjórnina. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal greiða:

- fyrir vatn í síldarpækil 8 aura og kjötpækil 10 aura fyrir hverja tunnu síldar eða kjöts.
- fyrir vatn til fiskþvottar 25 aura fyrir hvert skippund.
- fytir vatn til annarar notkunar eftir mati þannig að 3 kr. greiðist fyrir hverja 100 hektolitra upp að 10000 hektolitrum, en minna fyrir það, sem umfram er, eftir nánari ákvörðun vatnsveitunefndarinnar og eftir því hve mikið er notað. Notandi má hafa löggiltan vatnsmælir.

Enginn má setja hreyfivjelar í samband við vatnsæðarnar án leyfis bæjarstjórnarinnar.